

Lög Foreldrafélags Ártúnsskóla

1. grein. Félagið heitir Foreldrafélag Ártúnsskóla.

2. grein. Félagar eru allir foreldrar og forráðamenn nemenda í skólanum.

3. grein. Markmið félagsins er að vinna að heill og hamingju nemenda og starfsfólks skólans og styrkja skólann í hvívetna. Einnig að efla samvinnu heimila og skóla. Markmiði sínu hyggst félagið ná með því að veita skólanum aðstoð vegna ákveðinna verkefna og starfa í skólanum sem og standa fyrir viðburðum og skemmtikvöldum fyrir nemendur og forráðamenn. Jafnframt að koma á umræðufundum um skóla- og upveldismál almennt í samráði við skólann og koma fram með óskir um breytingar á starfi skólans eftir atvikum.

4. grein. Stjórn félagsins skipa 5 menn kosnir á aðalfundi foreldrafélagsins. Stjórnin skiptir með sér verkum sem formaður, gjaldkeri, ritari, meðstjórnandi ásamt tengilið við bekkjarfulltrúa. Stjórn félagsins skal halda a.m.k. 4 fundi á ári. Öll stjórnin skal kosin til eins árs í senn. Stjórnin skal koma sér saman um að a.m.k. 2 úr þeirra hópi sitji áfram næsta skólaár, þannig að ekki verði fleiri en 3 kosnir árlega.

5. grein. Aðalfund skal halda fyrir 15. október ár hvert og skal hann boðaður með minnst hálfsmánaðar fyrirvara.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu ári
2. Gjaldkeri gerir grein fyrir fjárhagsafkomu félagsins og leggur fram reikninga félagsins til samþykktar
3. Kosning stjórnar
4. Kosning fulltrúa í skólaráð
5. Lagabreytingar
6. Önnur mál

6. grein. Stjórnin skal hafa hvetjandi áhrif á samstarf bekkjarfulltrúa innan hvers árgangs. Ætlast er til að fulltrúar innan hverrar bekkjardeildar hafi með sér samstarf.

7. grein. Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi og ræður einfaldur meirihluti atkvæða fundarmanna. Tillögur um lagabreytingar skulu hafa borist stjórninni 2 vikum fyrir aðalfund.

8. grein. Félagið eða stjórn þess skal ekki hafa afskipti af vandamálum sem upp kunna að koma milli einstakra forráðamanna og starfsmanna skólans.

9. grein. Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ártúnsskóli 13. okt. 2010